



## Ákvörðun Flugmálastjórnar Íslands nr. 6/2012

Flugmálastjórn Íslands tilkynnir hér með að í skráðum loftförum á Íslandi skulu allar handbækur, skilti, merkingar á mælitækjum og aðrar nauðsynlegar upplýsingar, sem krafist er í viðeigandi vottunarforskriftum, vera annað hvort á ensku eða íslensku. Flugmálastjórn er heimilt að veita undanþágu frá þessu og heimila annað tungumál en ensku eða íslensku ef þær aðstæður eru fyrir hendi að það sé mögulegt og réttmætt.

Í hverju loftfari skulu framangreind gögn og upplýsingar vera á sama tungumáli.

Ef framangreind gögn og upplýsingar hafa verið þydd af frummáli yfir á ensku eða íslensku skal þýðingin hljóta samþykki Flugmálastjórnar.

Ákvörðun þessi hefur ekki áhrif á fyrirmæli í íslenskum lögum eða reglugerðum um að ákveðnar merkingar í loftförum séu á íslensku.

Ákvörðun þessi er m.a. tekin með vísan til greinar 21.A.175 í viðauka við fylgiskjal I. við reglugerð nr. 205/2007 um lofhæfi- og umhverfisvottun loftfara og tilheyrandi framleiðsluvara, hluta og búnaðar og vottun hönnunar- og framleiðslufyrirtækja.

Með vísan til 1. mgr. 140. gr. laga nr. 60/1998 um loftferðir með síðari breytingum er ákvörðun þessi birt á heimasíðu stofnunarinnar.

FLUGMÁLASTJÓRN  
Reykjavík, 6. desember 2012  
  
Pétur K. Maack flugmálastjóri.